

Guðný Zoëga
Kári Gunnarsson
Hjalti Pálsson
Bryndís Zoëga

Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar IX- byggðasögurannsókn



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2016/162

Forsíðumynd: Horft út Flókadal, Flókagarður til vinstri á mynd.




Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Aðferðarfræði	4
3	Hrolleifsdalur/afreðtarland	6
3.1	Þverá	6
3.2	Geirmundarhóll	9
4	Sel í Hrolleifsdalsafreðt	11
5	Sléttuhlíð	13
5.1	Róðhóll	13
5.2	Fell	13
	Kappastaðir (Kambstaðir)	13
	Melkot	13
	Hólkot	15
5.3	Fjall	16
5.4	Skálá	17
	Skálársel	17
	Skálárkot	18
5.5	Tjarnir í Sléttuhlíð	19
	Tjarnakot (Tjarnarkot)	20
	Tjarnargerði	20
5.6	Arnarstaðir í Sléttuhlíð	21
	Skógargerði	21
6	Fljót	22
6.1	Bakki	22
6.2	Ónefnt býli	23
6.3	Ónefndur mannbústaður	24
6.4	Minni- Bakki	24
6.5	Grindill/Stórigrindill	25
	Grindilskrókur	25
6.6	Efra-Haganes	27
	Vatnsleysa	27
7	Flókadalur	28
7.1	Sjöundastaðir	28
7.2	Nes/Neskot	28
	Ónefnt - skáli	29

	Blikárkot.....	30
	Sólheimar	31
7.3	Illugastaðir	32
	Þrælshólar.....	33
8	Sel í Flókadalsafrétt.....	34
9	Sel í Brunnárdal ofan Barðs í Fljótum	37
10	Annað	37
	Tóftir í landi Helgustaða í Fljótum.....	37
11	Samantekt	38
12	Lokaorð	39
13	Heimildir	40
14	Fylgiskjöl.....	41

1 INNGANGUR



Mynd 1. Kort yfir staðina sem rannsakaðir voru í Hrolleifsdal, Sléttuhlíð, Flókadal og Fljótum þar sem rannsóknir fóru fram sumarið 2015.

Undanfarin 11 ár hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa 88¹ staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.

Áhersla hefur verið lögð á staði sem komið hafa í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritarar. Oft er þá um að ræða staði sem heimildir nefna en hafa annað hvort týnst eða að fjöldi og gerð minja gefa til kynna eldri og/eða flóknari byggðasögu en ætluð hefur verið. Rannsóknin miðar einnig að því að gera heildstæða könnun á byggðasögu jaðarsvæða svo sem hálendis, eyðidala, eyja og sellanda. Þannig hafa safnast upplýsingar um byggðaleifar sem ólíklegt er að hefðu orðið rannsóknarefni vegna þess hve úrleiðis þær eru. Gagnagrunnur sá sem til verður við rannsóknirnar er vistaður á Byggðasafni Skagfirðinga og útgáfa rannsóknarniðurstæðna á þess ábyrgð. Einnig er tæpt á rannsóknarniðurstöðum í Byggðasögunni en rannsóknirnar 2015 voru unnar í tengslum við útgáfu áttunda bindis sem koma á út haustið 2016.

¹ Sjá lista yfir staði sem rannsakaðir hafa verið aftast í skýrslu.

Sumarið 2009 fannst kirkjugarður frá 11. öld við byggðasögurannsóknir í Kolbeinsdal. Þar sem Byggðasafnið stendur að skrásetningu og rannsóknum fornra kirkjugarða í Skagafirði var ákveðið að leita jafnframt eftir ummerkjum um slík mannvirki við vettvangsvinnu í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Engir slíkir staðir komu í ljós eða voru rannsakaðir sérstaklega sumarið 2015.

Vettvangsrannsókn, heimildavinna, úrvinnsla og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings, Bryndísar Zoëga, landfræðings og starfsmanna Byggðasögunnar Kára Gunnarssonar og Hjalta Pálssonar. Auk þess tóku þátt í vettvangsrannsóknum fornleifafræðingurinn Guðmundur St. Sigurðarson og bandaríski doktorsneminn Kathryn Caitlin.

Heimildamönnum og landeigendum eru færðar kærar þakkir fyrir upplýsingar, aðstoð og leyfi til rannsókna.

Minjastofnun Íslands veitti leyfi til rannsókna fyrir leyfi til borkjarnatöku og vegna könnunarskurðanna.

Númer rannsókna frá Minjastofnun

Borkjarnar: 2015-0078

Geirmundarhóll og Þverá: 201506-0042

Þjóðminjasafnsnúmer

Samið var við Forvörslusvið Þjóðminjasafns Íslands vegna forvörslu gripa er kynnu að finnast en fundanúmer rannsókna útgefið af Þjóðminjasafninu var 2015-28.

2 AÐFERÐARFRÆÐI

Minjar eru mældar upp með Trimble Geo7X staðsetningartæki með um 50cm skekkjumörkum. Hnitakerfið sem stuðst er við er ISN93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Oftast gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru könnunarskurðir teknir. Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Mismunandi er hversu marga kjarna þarf að taka en reynt er að stilla fjölda þeirra í hóf. Jarðlögin í kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað, ljósmynduð og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum.

Könnunarskurðir eru hafðir eins fáir og litlir og unnt er bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Ef komið er niður á flóknar mannvistarleifar er skurðunum lokað án frekari rannsóknar. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáiist.

Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar. Sniðin eru svo hnitsett með Trimble 7X.



Mynd 2. Gjóska í jarðvegssniði. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svört gjóskulína H1766.

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

H3 – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag.

LnL – Landnámslagið, grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

Vj~1000 – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.

H1104 – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

H1300 – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300 e.Kr.

H1766 – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.


Öll ártöl sem gefin eru upp eru eftir Kristsburð og þess er ekki sérstaklega getið í texta skýrslunnar.

Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins. Jarðlög eru einnig aðgreind með númerum í hornklofum í texta. Á yfirlitsteikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri að lit. Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit. Hnitaskrá yfir minjar, töflur og teikningar með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu. Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjörnum.

Ljósmyndun úr lofti:

Loftmyndir eru mikilvægt greiningartæki við skráningu fornleifa en þær eru oft mismunandi að gæðum og stundum teknar á þeim árstíma eða við aðstæður þar sem minjar sjást illa. Sumarið 2015 voru í fyrsta sinn teknar myndir af einstaka minjum og minjasvæðum með dróna. Slík myndataka getur bætt miklu við greiningu minja sem erfitt að fá yfirlit yfir á jörðu niðri. Myndir úr dróna geta bætt við fleiri sjónarhornum auk þess sem mismunandi birta, gróðurfar og nærmyndir geta betur dregið fram lögun og gerð minja.

3 HROLLEIFSDALUR/AFRÉTTARLAND



Mynd 3. Yfirlitsteikning af minjum á Þverá. Yngri minjar eru skærgærnar að lit en eldir minjar mosagrænar. Elsta bæjarstæðið er hægra megin á mynd.

3.1 ÞVERÁ

Þverá var fremsti bær í Hrolleifsdal, vestan Hrolleifsdalsár, en er nú eyðibýli og var land jarðarinnar lagt til Hrolleifsdalsafréttar árið 1930. Þverá komst í eigu Hólastóls á miðöldum en hennar er fyrst getið í bókum Stólsins árið 1449 og var í eigu hans upp frá því.² Þverá var að fornu mati 20 hundruð, í jarðatali Johnsens frá 1847 árið 1861 var Þverá metin 18.6 hundruð.³

Samkvæmt landámabók var Höfða Þórður fyrsti eigandi Hrolleifsdals, þó aðeins í stuttan tíma. „Hann [Þórður] fékk honum [Hrolleifi hinum mikla] lönd í Hrolleifsdal, bjó hann þar.“ segir í Landnámabók, en ekki kemur fram hversu lengi Hrolleifur bjó í þar, trúlega ekki lengi.⁴ Að Hrolleifi burt viknum fer engum sögum af byggð í dalnum. Þó má skilja frásögn Vatnsdælu á

² DI V, bls. 39.

³ Ný jarðabók 1861, bls. 102

⁴ Íslensk fornrit I. Landnámabók, bls. 220.



Mynd 4. Horft til austurs yfir minjar á elsta bæjarstæðinu á Þverá. Sjá má ármót Hrolleifsdalsár (til vinstri) og Þverár (til hægri). Tóftirnar liggja á hólhrygg og er tóft íveruhússins fjærst á mynd. Sjá má garðinn sem afmarkar túnið þar sem hann liggur að Þverá. Í neðra vinstra horni myndar má sjá hvar yngri túngarðurinn liggur að þeim eldri og yfir hann að hluta.

Þann veg að Uni í Unadal hafi fengið lönd Hrolleifs í skaðabætur fyrir Odd son sinn. Mikið vantar í sögu Þverár en líklega verið lengst af í einkaeigu.

Bærinn stóð á hæð, ofarlega í túni, nokkuð fyrir utan Þverána. Þverá þótti góð bújörð, enda landmesta jörð dalsins með hina bestu sumarhaga. Vegur var aldrei lagður til Þverár og þar var snjóþungt á vetrum, þangað kom hvorki sími né rafmagn. Aðdrættir að jörðinni voru erfiðir og um vegleysur að fara með allan flutning.⁵ Á Þverá má finna mikinn fjölda tófta og garðlaga þar sem tún voru aldrei sléttuð eða þar unnið með stórvirkum vinnuvélum.

Rannsókn 2015

(Tafla 4 aftast í skýrslu)

Sumarið 2015 voru farnar tvær ferðir í Hrolleifsdalinn til að kanna minjar þar. Í upphafi var ætlunin að taka könnunarskurði og borkjarna á Þverá en þar sem borkjarnar gáfu góða vísbendingu um aldur þurfti ekki að taka skurð.

Túngarður

Borkjarnar í túngarðinn sýndu að hann hefur líklega upphaflega



Mynd 5. Kjarni sem tekinn var í skálagólf á elsta bæjarstæðinu. Á 12cm dýpi má sjá H1104 gjóskuna og fimm sentimetrum neðan hennar kolalag og lag af rótuðu torfi og móösku neðan þess. Byggingin hefur verið aflögð nokkuð áður en gjóskan féll.

⁵ Handrit að Byggðasögu 2016.

verið hlaðinn fyrir 1104 en verið gildaður upp eftir þann tíma. Þó skal tekið fram að kjarninn var tekinn þar sem túngarður elsta bæjarstæðisins og þess yngsta lágu saman og getur veggurinn hafa verið endurhlaðinn að hluta þegar túngarður var hlaðinn umhverfis yngra bæjarstæðið.

Elsta bæjarstæðið

Upphaflega virðist bærinn hafa verið austan núverandi túns, um 20 metra ofan og vestan þar sem Þverá rennur í Hrolleifsdalsá. Um er að ræða aflanga byggingu sem í fundust ummerki mannvistar og tvö mannvirki auk þess sem kunna að hafa verið rétt og/eða útihús. Tóftirnar eru umluktar túngarði sem liggur í boga umhverfis tóftirnar en liggur í Þverá sunnanvert og í Hrolleifsdalsá austan til. Kjarnar sem teknir voru í byggingarnar bentu til að þær væru aflagðar þegar á 11. öld og er því líklega um upphafsbylið að ræða, nema tvíbýlt hafi verið á Þverá. Þverá var þegar í byggð á 9-10. öld og bæjarstæðið hefur verið við Þverána austan núverandi túns.

Göngugarður Hrolleifs


Vestast í hólunum milli Geirmundarhóla og Þverár er glöggur garður, virðist það vera göngugarður sem liggur eftir dalnum. Á einum stað, þar sem garðurinn liggur yfir dálítið sund, er lítil rétt við garðinn. Niður í hann kemur landamerkgarður milli Geirmundarhóls og Þverár og liggur hann upp til fjallsins, sums staðar glöggur, annars staðar að mestu sokkinn eða niður fallinn. Garðurinn er í munnmælasögum eignaður Hrolleifi, en við rannsókn 2015 kom einungis í ljós í garðinum torf sem tekið hefur verið eftir að H1104 gjóskan féll.

Rannsókn 2015

Borkjarnar gáfu til kynna að garðurinn væri hlaðinn eftir 1104. Einnig var hreinsað rofsnið í garðinum sem einnig sýndi torf með 1104 gjóskunni. Ekki er hægt að útiloka að garðurinn hafi upphaflega verið hlaðinn fyrir 1104 en hann hefur í það minnsta verið endurhlaðinn eftir þann tíma.



Mynd 6. Horft úr Hrolleifsdal eftir meintum göngugarði Hrolleifs. Sjá má litla fjárrétt upp við garðinn að sunnan verðu.



Mynd 7. Yfirlitstekning sem sýnir minjar á Geirmundarhóli.

3.2 GEIRMUNDARHÓLL

Geirmundarhóll er eyðibýli og land jarðarinnar liggur beggja vegna Hrolleifsdalsár. Vestan Hrolleifsdalsár er jörðin milli Krákustaða að norðan og Þverár að sunnan og austan ár, milli Arnarstaða að norðan og Þverár að sunnan. Geirmundarhólsskógur er austan árinna, einn fárra birkiskóga sem enn finnast Skagafirði.⁶ Geirmundarhóll var að fornu mati 20 hundruð að dýrleika, árið 1861 var matið lækkað niður í 13 hundruð.⁷

Bærinn stóð á hólaröð vestan árinna, nokkuð frá fjallshlíðinni niður undan mynni Geirmundarhólsdals. Að Geirmundarhóli kom aldrei bílvegur, sími né rafmagn. Land jarðarinnar var lagt til Hrolleifsdalsafréttar árið 1943 þegar ábúð þar lauk en Fellshreppur hafði eignaðist jörðina árið 1919. Líklegt má telja að jörðin hafi verið í einkageign fram undir miðja 15. öld en Geirmundarhóls er fyrst getið í jarðaskrá Hólastóls frá árinu 1449 og var í eigu Stólsins allt til ársins 1802.⁸

⁶ Handrit að Byggðasögu, 2016.

⁷ Ný jarðabók 1861, bls. 102.

⁸ Handrit að Byggðasögu, 2016

Tún á Geirmundarhóli var nokkuð víðfeðmt og þar eru fjölmargar minjar. Tún hefur að hluta verið sléttað en er annars nokkuð stórpýft. Bæjarhóllinn er sunnarlega innan túngarðs en yngstu útihúsatóftinar eru við eða rétt utan túngarðs að norðan.



Mynd 8. Yfirlitsmynd til austurs yfir bæjarhólinn á Geirmundarhóli (fyrir miðri mynd). Svæðið í kringum hólinn hefur verið sléttað, sem og hluti túns vestur af honum. Meiri hluti túns hinsvegar er stórpýft.

Rannsókn 2015 (Tafla 4 aftast í skýrslu)

Könnunarskurður í túngarð

Borkjarnar í túngarð gáfu ekki afgerandi aldur og því var lítill könnunarskurður tekinn í norðanverðan túngarðinn. Skurðurinn var 2m að lengd, 40cm að breidd, 70cm djúpur í norðurenda og 30cm í suðurenda. Í skurðinum kom fram nokkuð stæðilegur torfveggur um 70cm að breidd og 50cm á hæð. Veggurinn var allur hlaðinn úr einsleitu torfi sem í voru gjóskurnar H3 og Landnámslagið. Engin gjóska fannst undir eða ofan á og gjóska í torfi gaf ekki annað til kynna en að garðurinn er hlaðinn eftir landnám.

Borkjarnar í túni


Borkjarnar voru teknir í þýft tún rétt norðan garðlags sem liggur þvert yfir túnið um 100 metra norður af bæjarhólnum. Borkjarni var einnig tekinn í stórpýfið sem ekki hefur verið sléttað sunnan garðlagsins. Engar tóftir voru sýnilegar í túni þar sem kjarnarnir voru teknir. Borkjarnarnir leiddu í ljós mannvist frá því



Mynd 9. Nrður skammsnið skurðarins í túngarðinn. Ekki var hægt að ákvarða aldur hans að öðru leyti en að hann er yngri en Landnámslagið svokallaða. Garðurinn virðist ekki hafa verið endurhlaðinn.

nokkru fyrir 1104. Einnig kom fram mannvist milli H1104 og H1300. Geirmundarhóll hefur því líklega verið í byggð þegar á 10 öld.

4 SEL Í HROLLEIFSDALSAFRÉTT



Mynd 10. Tóftir þriggja ónefndra selja framan við eyðibýlið Klón.

Hin forna Hrolleifsdalsafrétt er fremst í Hrolleifsdal, innan Þverármerkja við Barnadalsá að vestan og framan Klóns við Stóragil að austan. Jarðirnar Klón (fór í eyði 1906), Þverá (fór í eyði 1930) og Geirmundarhóll (fór í eyði 1943) voru keyptar til afréttarinnar þegar búskapur þar lagðist af. Að viðbættum þessum fjórum jörðum er Hrolleifsdalsafrétt orðin landrúm og góð afrétt og nægir fyllilega til sumarhaga fyrir bæi í Fellshreppi.⁹


Sára fáar heimildir geta um sel í Hrolleifsdalsafrétt. Þó að glöggar tóftir a.m.k. 5 selja sé þar að finna. Fjögur seljanna hafa verið framan við fornan afréttargarð við Sellæk sem á þeim tíma hefur vafalítið skilið á milli heimalands á Klóni og sellanda eða afréttar þar framan við. Mjög ólíklegt verður að teljast að öll selin framan Klónsmerkja hafi verið frá sama bænum. Mun líkleggra er að fleiri en ein jörð hafi leigt eða keypt sér selstöðu, þegar selför lauk frá einu býli, hafi önnur tekið við. Fimm seltóftir að finna á litlu svæði, um 1 km framan við bæinn á Klóni. Því miður eru engar heimildir um frá hvaða bæjum þessi sel voru.

⁹Umfjöllun um selin er fengin úr drögum að handriti að Byggðasögu, 2016.

Tjarnasel. Jarðabókin árið 1709 getur um leigu á selstöðu til Tjarna en í texta segir: „Landþröng er mikil [á Tjarnarkoti], og þarf ábúandi að þiggja hagabeit af nágrönnum sínum mót óákveðinni greiðasemi, og fyrir þann skuld hefur selstaða verið áður tilfengin á Hrolleifsdal í Stólsins landi, og galst hjer þó ekkert fyrir. Þó meina menn að þetta sje ekki skylduselstaða en vita það þó ekki.¹⁰“. Óvíst er hvar nákvæmlega þessi selstaða var þó leiða megi sterkum líkum að hún hafi verið skammt framan við afréttargarð sem enn sér fyrir, um 1,1 km framan við Klón og Tjarnasel hefur verið eitt af þeim fjórum, sem eru framan við Sellækinn.

Klónssel. Einar seltóftir er að finna heiman við Sellækinn og verður því að telja þær í landi Klóns. Hvort sem óhætt er að draga þá ályktun að þar hafi verið sel frá Klóni eða a.m.k. sel byggt þar með leyfi Klónsbónda.

Skálársel. Skálárseti heitir fremsti hluti austurhlíðar Hrolleifsdals, allt fram að Almenningskál frá Stóragili í Giljareit. Hugsanlegt verður að teljast að Skálársel hafi verið eitt þeirra fjögurra selja sem enn má sjá móta fyrir framan við Sellækinn. Engar þekktar tóftir eru í sjálfum Skálársetanum, framan við Stóragil, sem útilokar þó ekki að þar hafi í einhvern tíma verið sel, sem nú sér ekki lengur fyrir.



Mynd 11. Seltóftir framan Klóns, austan megin Hrolleifsdalsár.



Þverársel er ekki að finna í neinum rituðum heimildum, né heldur í minni samtíðarmanna. Eigi að síður eru tóftir af seli í landi Þverár, um einn km framan við Þverá (65°58'355/19°15'735). Eru seltóftirnar mjög jarðsokknar og virðast ævafornar. Tóftirnar eru hefðbundnar, skiptast í 3 hólf en staðsetningin er óhefðbundin, því engan læk er að finna við þær, eins og jafnan er. Á þessu kann að vera sú skýring að Hrolleifsdalsáin hafi runnið vestar í dalbotninum en hún gerir nú og gæti þá hafa fallið skammt neðan við selið í þann tíma sem það var í notkun.

Mynd 12. Þverársel.

¹⁰ JÁM IX, bls. 267.

5 SLÉTTUHLÍÐ

5.1 RÓÐHÓLL

Róðhóls er fyrst getið í kaupbréfi frá árinu 1393 þegar Pétur biskup Nikulásson á Hólum keypti jörðina.¹¹ Gamli torfbærinn stóð fast utan við eldra íbúðarhúsið, sem nú er. Það var byggt á sama stað og ábúendur töldu að fyrsti bærinn hefði staðið.¹²

Rannsókn 2015 (Tafla 3 aftast í skýrslu)

Sumarið 2015 voru kjarnar teknir í tún á Róðhóli og sýndu þeir fram á að Róðhóll hafi þegar verið í byggð fyrir 1104.

5.2 FELL

Fell er að fornu mati dýrasta jörð Fellshrepps sem við hana kenndur. Fell á land að Tjörnum og Glæsibæ að sunnan og ræður Hrolleifsdalsá merkjum. Landið liggur að sjó að vestan, að norðan á Fell að Kappastöðum og Keldum en Hrauni og Skálá að austan. Að meðtöldum eyðibýlunum Fjalli og Kappastöðum er Fell landmikil jörð. Íbúðarhúsið stendur austan undir suðurenda Fellsins sem bærinn dregur nafn sitt af.¹³ Elsta heimild um Fell er í Auðunarmáldaga frá 1318, þá var Fell komið í eigu kirkjunnar í Felli eða beneficium eins og kallað var, hélst sú skipan til um aldir.. Fell hefur verið höfuðból sveitarinnar frá gamalli tíð var metið á 50 hundruð að fornu með hjáleigum en ári 1861 lækkar matið töluvert, í 31 hundruð.¹⁴

Sumarið 2015 voru eyðihjáleigurnar Fjall og Kappastaðir skoðaðar, auk afbýlanna Melkots og Hólkots.

Kappastaðir (Kambsstæðir)

Kappastaðir voru áður hjáleiga frá Felli, fóru í eyði 1928. Býlið var orðin hjáleiga Fells í byrjun 14. aldar og var metin 10 hundruð. Leifar býlisins hafa að mestu verið sléttaðar í tún.

Rannsókn 2015 (Tafla 7 aftast í skýrslu)

Teknir voru kjarnar í tún. Merki um byggð fyrir 1000, milli 1000-1104 og eftir 1104.

Melkot

Í texta Jarðabókar segir: „Þriðja eyðihjáleiga byggð í fyrstu hér um fyrir 50 eða 60 árum, var stundum byggð, stundum í eyði inn til næstu 16 eða 18 ára, síðan í auðn.¹⁵ Leifar Melkots er um 700 m suðvestur frá suðurenda Kappastaðavatns og stendur bæjarstæðið skammt vestan við krappa beygju á Kappastaðalæk.¹⁶ Auk leifa býlisins eru þar nokkur seinna beitarhús frá Felli. Tóftirnar liggja á melbrún og er vel gróið við minjarnar en móarnir umhverfis heldur

¹¹ DI III, bls. 489.

¹² Drög að handriti Byggðasögu, 2016.

¹³ Drög að handriti Byggðasögu, 2016.

¹⁴ Ný jarðabók 1861, bls. 102.

¹⁵ JÁM IX, bls. 276

¹⁶ Örnefnaskrá Fells, bls. 4.




Mynd 13. Tóftir Melkots séðar með augum dróna. Neðantil á myndinni eru leifar kotbýlisins en ofan á því að hluta liggja tóftir beitarhúsa frá Felli.

gróðursnaður melur. Tóftirnar liggja í röð eftir melbrúnni, frá vestri til austurs og liggja bæjartóftirnar austast en seinni tíma beitarhús hafa verið reist á hluta þeirra.

Rannsókn 2015 (Tafla 7 aftast í skýrslu)

Kjarnar voru teknir í elstu tóftirnar í tóftaröðinni og sýndu þeir að um mannabústað væri að ræða. H1300 var í torfi bygginganna en þunn svört gjóska, H1766. lá *in situ* yfir minjunum. Kotið hefur verið í byggð á 16. -17. öld eins og jarðabók getur um.



Mynd 14. Teikning sem sýnir beitarhúsatóftir og bæjartóftir sem líklega eru af afbýlinu Melkoti.

Hólkot



Mynd 15. Horft til norðausturs yfir hólinn þar sem afbýlið Hólkot stóð.

Í Jarðabókinni segir: „Önnur eyðihjáleiga byggð fyrir manna minni í úthögum og varaði byggðin inn til næstu 13 eður 14 ára. Þessi hjáleiga er brúkuð frá heima- staðnum til slægna og er honum áður talin. Ekki má hér

aftur byggja nema staðnum til rýrðar og skaða“.¹⁷ Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Votateg er Hólkot, eyðibýli gamalt. Þar bjó einsetukarl um hríð. Norðan við rústirnar er Hólkotsflói og Hólkotslækur rennur suður í Hrolleifsdalsá ofan við Votateg“.¹⁸

Tóftir Hólkots eru á hólkolli, syðst í landi Fells, nærri ós Hrolleifsdalsár. Hólkotsflói allmikið svæði, og á hól sunnan við hann austast eru bæjarleifar Hólkots. Sunnan við hólinn er Hólkotslækur en syðst á hólnum eru tóftir, um 11 x 16 metrar að ummáli. Litlu norðar er tvískipt tóft, um 4 x 12 m að utanmáli. Tóftir þessar eru nokkuð jarðsokknar. Norðvestar eru glöggar tóftaleifar, sem skiptar í nokkur minni hólf. Um 130 m norður frá bæjarhólnum eru leifar af mógröfum, og fleiri þar norðan við. Á hól sunnan við Hólkotslækinn, á móts við bæjarhólinn, eru a.m.k. þrír lágir garðar samhliða og með stuttu millibili, liggja suðaustur- norðvestur og minna helst á leifar matjurtagarða, en þarna er frekar grunnur jarðvegur.

Rannsókn 2015 (Tafla 7 aftast í skýrslu)

Teknir voru nokkrir borkjarnar í og við tóftir á hólnum. Þar var allsstaðar komið á jökulmel nánast beint undir grasrót. Í kjarna sem tekinn var í gólf tóftanna var hinsvegar vottur af móösku og kolum sem bendir til mannvistar. Tóftin lá undir H1766. Á hólnum andspænis bænum að vestan eru nokkur fornleg garðlög og tóftir á nánast gróðurlausum mel. Tilgangur þessara mannvirkja er óljós en kjarnar bentu til að garðarnir væru hlaðnir eftir 1104 en H1766 var eina gjóskan yfir þeim. Býlið hefur því verið aflagt á 17. öld líkt og Jarðabók getur um en upphafsaldur þess er óljós. Hvort garðlögin vestan bæjarstæðisins tengjast búskap veður ekki fullyrt.

¹⁷ JÁM IX, bls. 276


¹⁸ Örnefnaskrá Fells, bls. 4.

5.3 FJALL



Mynd 16. Yfirlitsmynd tekin í norðaustur yfir túnið á Fjalli. Efst í túni má sjá bæjarhólinn og er nokkuð grænna umhverfis hann.

Eyðijörðin Fjall átti land milli Fells að sunnan og Keldna að norðan. Land jarðarinnar var lítið, náði frá sjávarbökkum upp á brúnir Fellsins. Merkin að austan voru skammt innan við Keldnasel en að sunnanverðu voru þau við Raufarberg, utan við Kaldbaksvík. Akvegur var ekki lagður að Fjalli og þangað kom hvorki sími né rafmagn. Býlið fór í eyði árið 1928 og hefur ekki byggst síðan en land jarðarinnar hefur verið lagt til Fells¹⁹. Fjall var að fornu mati, talið 10 hundruð. Árið 1861 var matið lækkað niður í 8,5 hundruð.²⁰



Mynd 17. Afstöðuteikning sem sýnir minjar í og við túnið á Fjalli.

Túnið á er nokkuð bratt og hallar því til vesturs. Það er umlukið túngarði og eru margar tóftir innan og við garðinn. Bæjartóftirnar eru efst í tún og hefur spilda neðan þeirra verið sléttu. Annars er túnið nokkuð stórþýft.

Rannsókn 2015 (Tafla 8 aftast í skýrslu)

Teknir voru kjarnar í tún á Fjalli og minjarnar mældar upp. Kjarnarnir leiddu í ljós að byggt hefur verið á Fjalli þegar fyrir 1104 og einnig milli 1104 og 1300.

¹⁹ Drög að handriti Byggðasögu, 2016.

²⁰ Ný jarðabók 1861, bls. 102.



Mynd 18. Horft til norðausturs yfir Skálársel og sauðhústöftir.

5.4 SKÁLÁ

Skálá á land að Hrauni og Heiði að norðan, Nesi og Neskoti í Flókadal að austan, Hrolleifsdals-afrétt og Arnarstöðum að sunnan og Felli að vestan. Sléttuhlíðarvegur liggur frá Siglufjarðarvegi, fyrst austur um landið sunnanvert, en beygir síðan til norðurs um land jarðanna austan Sléttuhlíðarvatns. Síðustu áratugi hefur jörðin legið í eyði. Jarðarinnar er fyrst getið í kaupbréfi frá 1332.²¹ Skálá var talin 30 hundruð að fornu mati, árið 1861 var matið lækkað niður í 22.8 hundruð.²² Fornbýlisins Skálárkots er getið í Jarðabók frá 1709 þar sem segir: „Eyðihjáleiga byggð í fyrstu fyrir manna minni í úthögum, í auðn næstu 14 eður 15 ár [...] Þessa grasnyt brúkar heima jörðin og er henni talin. Aftur mætti byggja ef fólk til fengist“.²³

Sumarið 2015 voru minjar á Skálárkoti mældar upp og borkjarnar teknir. Einnig voru kjarnar teknir á Skálárseli í Skálárdal.

Skálársel

Skálárdalur gengur upp frá bænum, suðaustur í fjallgarðinn. Dalurinn er þröngur, hlíðarnar brattar og grýttar en undirlendið mjög lítið. Á stærstum hluta dalsins er gott sauðland og fyrrum voru þar

²¹ DI, II. bls. 673-674.

²² Ný jarðabók 1861, bls. 102

²³ JÁM IX, bls. 274.

beitarhús og selstaða. Norðurhlíð Skálárdalsins er nokkuð kjarri vaxin og kallast hún Skógarhlíð fram að Skarðslæk, sem kemur úr Skarði, efst á Skálárfjalli. Selbekkur er kallað fyrir framan lækinn og fast við hann, neðst í hlíðinni, eru sauðhúsatóftir og rústir Skálársels. Þarna er nokkuð búsældarlegt en vel gróin mýrasund eru beggja vegna Skarðslækjar. Eftir að beitarhúsin lögðust af var heyjað engi þarna í kring og heyið flutt heim í Skálá á hestum.²⁴ Sauðhúsatóftirnar eru ofan með læknum á austurbakka og bera þess nokkuð merki að hafa orðið fyrir ofanflóði og erfitt að greina veggjaskil. Tóftir selsins, eru hefðbundnar, selkofarnir tveir eru sambyggðir 5x8 m utanmál en um 16 m neðar eru kvíatóftirnar, 3x8 m að utanmáli.

Rannsókn 2015 (Tafla 9 aftast í skýrslu)

Tveir kjarnar voru teknir í selið, annarsvegar í seltóftirnar og hinsvegar í rústir sauðahússins. Kjarninn sem tekinn var í sauðahúsið benti til að undirliggjandi hafi verið íverustaður manna, eldri en 1104. Kjarninn í seltóftirnar sjálfar sýndi þykkt kolalag og gólf í íveruhúsi en ekki var hægt að ákvarða aldur.


Skálárkot

Samkvæmt örnefnaskrá var Skálárkot sunnan við Skálána, um 190m frá gamla skólahúsinu. Þar er forn túnblettur í kringum jarðsokkin tóftabrot. Þar voru síðast fjárhús, en þau voru aflögð eftir 1918, að Eiður Sigurónsson hóf búskap á Skálá.



Mynd 19. Að ofan er yfirlitsmynd af Skálárkoti, að neðan teiknin sem sýnir túngarð og tóftir.

Leifar býlisins eru 270m suðvestur af Skálárbæ, sunnan Skálár. Túnið er lítið og er laufblaðslaga, 130m að lengd og 60m þar sem það er breiðast. Túninu hallar nokkuð til vesturs en efst í því eru tóftir seinni tíma fjárhúsa en hluti veggja austan þeirra. Húsin standa á nokkurri upphækkun og eru bæjarhúsin líklega undir þessum tóftum. Fjárhúsa og hlöðutóft liggur einnig við túngarðinn utanverðan nyrst. Skógrækt hylur hluta túns.



²⁴ Drög að handriti Byggðasögu 2016.

Rannsókn 2015 (Tafla 9 aftast í skýrslu)

Teknir voru kjarnar í túngarð og innan túns. Ummerki um byggð fyrir 1104 fundust en engin ummerki um byggð milli 1104 og 1300. Fornbýlið virðist því aflagt á 11. öld. Hluti veggja norðan fjárhúsa kunna að tilheyra býlinu sem getið er um í Jarðabók.

5.5 TJARNIR Í SLÉTTUHLÍÐ



Mynd 20. Mynd sem tekin er úr dróna til suðvesturs yfir afgirt tún á Tjarnarkoti. Bærinn Tjarnir í baksýn. Sjá má hve vallgróinn túngarðurinn er miðað við tóftirnar vinstra megin í túngerðinu.


Tjarnir voru lengst af eitt af landmestu stórbýlum Fellshrepps. Jörðin átti land frá hreppamörkum Hofshrepps (við Höfðamerki), norður til Hrolleifsdalsár. Lónkot og Glæsibær byggðust úr landi Tjarna og síðar einnig smábýlið Þrastarlundur að hluta. Tjarnir eiga land að Þrastarlundi að sunnan, Glæsibæ að vestan, Felli og Skálá að norðan og ræður Hrolleifsdalsá merkjum. Að austan liggur land að Arnarstöðum og sunnan Hrolleifsdalsár að Bræðrá og Róðhóli.

Jörðin sést fyrst í reikningum Hólastóls árið 1449 og hefur verið í einkaeigu fram að því.²⁵ Tjarnir voru að fornu ein af stærstu jörðum sveitarinnar metin á 40 hundruð. Árið 1861 voru Tjarnir með Lónkoti og Glæsibæ metin á 28.5 hundruð, þar af voru Tjarnir taldar 11.7 hundruð.²⁶ Önnur afbýli voru Tjarnarkot og Tjarnargerði en nokkurs ruglings gætir í heimildum um þau býli.

²⁵ DI V, bls. 39.

²⁶ Ný jarðabók 1861, bls. 102.

Tjarnakot (Tjarnarkot). Saga þessa býlis er lítið þekkt en í Jarðabókinni 1709 segir: „Tjarnarkot, öðru nafni Tjarnargerði. Þetta er þriðji bærinn sem áður umgetur. Hefur í eyði legið næstliðið ár og enn nú, talinn fjórðungur allrar jarðarinnar [[Tjarna], að dýrleika 10 hundruð [...] Þessa grasnyt brúkar nú enginn”.²⁷ Tjarnarkot hefur því farið í eyði um 1707 og ekki vitað til þess að það hafi byggst aftur. Samkvæmt Jarðabókinni átti Tjarnarkot sérstök tún og engi sem væntanlega hafa fallið aftur til móðurjarðarinnar.



Mynd 21. Yfirlitsteikning af minjum á Tjarnarkoti.

Leifar fornþýlis sem eru í örnefnaskrá sagðar leifar Tjarnakots eru skammt austan Siglufjarðarvegar, út undir Hrolleifsdalsánni. Sporöskjulaga túngarður er umhverfis nokkur tóftabrot. Engar ritaðar heimildir eru til um þessar tóftir og því ómögulegt að geta sér til um sögu þeirra.

Rannsókn 2015 (Tafla 6 aftast í skýrslu)

Sumarið 2015 voru teknir borkjarnar í túngarðinn og nærri tóftunum, en engin merki um mannvist fundust. Verður það að teljast nokkuð óvenjulegt, því þarna virðast vera augljósar minjar frá fornu þýli. Borkjarnar sem teknir voru í túngarð bentu til að hann væri frá því fyrir 1104. Hafi túngarðurinn umlukið fornþýli hefur byggð þar hafist fyrir 1104. Yngstu tóftirnar innan garðs líktust bæjar og útihúsatóftum seinni tíma smáþýlis, líklega þess Tjarnarkots sem getið er í Jarðabókinni.

Tjarnargerði

Samkvæmt örnefnaskrá var Tjarnargerði á hól skammt vestan við Ytri-tjörn, eru það um 240 m norðvestur frá bænum á Tjörnum. Hóll þessi bar einnig nafnið Hestagerði en á honum eru tóftir um 6x12 m að utanmáli.

Rannsókn 2015 (Tafla 6 aftast í skýrslu)

Fjórir borkjarnar voru teknir í hólinn þar sem Tjarnargerði á að hafa staðið. Einungis kom fram torf í einum þeirra og var það yngra en H1300 gjóskan. Þetta torf lá nokkrum sentimetrum neðan grasrótar og því ekki um að ræða fyrirrennara útihúsa tóftarinnar sem er á hólnum. Mögulega er um að ræða leifar umrædds þýlis en þó fannst engin mannvist í kjörnum sem teknir voru.

²⁷ JÁM IX, bls. 267.

5.6 ARNARSTAÐIR Í SLÉTTUHLÍÐ

Arnarstaðir standa við mynni Hrolleifsdals að norðan, undir Arnarstaðafjalli. Að sunnan á jörðin land Bræðrá og Krákustöðum, en að vestan á jörðin land að Tjörnum og skiptir Hrolleifsdalsá löndum. Að norðan liggur land að Skálá, frá Hrolleifsdalsá til fjallsbrúna, inn háfjall að afréttarmörkum. Jörðin á um 3 km lands inn Hrolleifsdal að austan, var grjótagarður á merkjum við Geirmundarhól en þar eru nú mörk Hrolleifsdalsafreittar.

Arnarstaðir hafa lengst af verið í bændaeign en árið 1449 var jörðin komin í eigu Hólastóls og varð aftur bændaeign við sölu stólseigna árið 1802.²⁸ Arnarstaðir voru taldir ein af stærstu jörðum Fellshrepps og 40 hundruð að dýrleika, að fornu mati. Árið 1861 var matið 18,5 hundruð.


Sumarið 2015 voru minjar á fornbylínu Skógargerði kannaðar en ekki vannst tími til að skoða mögulegt fornbylí á svokölluðu Arnarstaðaseli. Ekki var heldur hægt að aldursgreina svokallaða Minni-Arnarstaði þar sem sléttað var úr þeim minjum fyrir nokkrum árum. Um það býli segir í Jarðabók: „Minni Arnarstaðir var önnur hjáleiga og um hana segir í Jarðabókinni 1709: „Minni Arnarstaðir heitir örnefni eitt skammt suður frá heimatúninu. Þar sést lítið til tóftarústa en meira til túngarðsleifa. Þar halda menn að fornu hafi byggð verið, en enginn veit þar um framar að segja en áður er innfært. Ekki má hér aftur byggja, því túnstæði er í hrjóstur komið og grafið í sundur af vatni“²⁹

Skógargerði

Skógargerði hét býli sem stóð utan og neðan við túnið á Arnarstöðum. Í Jarðabókinni frá 1709 segir: „Eyðihjáleiga byggð í úthögum fyrir manna minni, nú í auðn næstu 20 ár eða lengur.“³⁰ Tóftir býlisins eru 820m norðnorð austur frá Arnarstöðum. Það er bæjartóft, er um 10 x 10 m en þurr lækjarfarvegur skammt frá, lækurinn fer nú niður eftir Skógargerðislaut, nokkru sunnar. Jarðsokkin garður sést að mestu í kringum túnstæðið, sem er sporöskjulaga og mest um 165 m á lengd. Túninu hallar til vesturs en efst og austast í túni eru bæjartóftir sem gætu verið jafnaldra túngarðinum. Yngri bæjartóftir eru hinsvegar fyrir miðju túni, og er þar augljóslega um að ræða hjáleigu þá sem getið er um í Jarðabók.

Rannsókn 2015 (Tafla 5 aftast í skýrslu)

Teknir voru borkjarnar í túngarð, tóftir og tún á Skógargerði. Í ljós kom að túngarðurinn er



Mynd 22. Yfirlitstekning sem sýnir minjar á Skógargerði.

²⁸ DI V, bls. 39, handrit að Byggðasögu 2016.

²⁹ JÁM IX, bls. 273.

³⁰ JÁM IX, bls. 272-273

eftir 1104 og H1300 fannst í honum líka. Kjarni sem tekinn var í túnið norðan yngri bæjartóftanna var með mannvist undir 1104 gjóskunni.

6 FLJÓT

6.1 BAKKI

Bakki er eyðibýli sem á land að Reykjarhóli að vestan, sjó að norðan, að Laugalandi að austan og Heiði að sunnan. Bæjarstæðið eru um miðja landareignina, tæpa 100 m ofan við Siglufjarðarveg. Fyrstu heimild um Bakka er að finna í reka-skrá frá árinu 1374, sem nefnir reka í eigu Hóla-kirkju fyrir landi Minni-Bakka og Meiri-Bakka.³¹



Mynd 23. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Bakka eða Meiri-Bakka.

Bakki á Bökkum var talinn 20 hundruð að dýrleika, að fornu mati, árið 1861 var matið lækkað niður í 15.6 hundruð.³²

Nokkur fornbyli eru þekkt í landi Bakka og voru þrjú þeirra skoðuð sumarið 2015. Í Jarðabók segir: „Girðingar sjást hér í landinu, sem kallast Minni-Bakki, þar hefur aldrei byggt verið svo menn viti, en það eru munnmæli, að þar hafi sjálf jörðin áður staðið, vide supra Bakka“.³³ Höfundur Jarðarbókartexta tvítekur kenningu um að Bakki hafi upphaflega staðið þar sem girðingar Minni-Bakka sjáist í landinu. Vel má vera að svo hafi verið og bærinn hafi á 16. öld verið fluttur, þangað sem hann hefur staðið síðan að jarðirnar voru sameinaðar. Í örnefnaskrá segir: „Tóftir af Minna-Bakka eru á sjávarbakkanum austur undir Laugalandsmerkjum. Því hefur verið haldið fram, að þar hafi Bakkabærinn upphaflega staðið, en síðan hafi hann verið fluttur þangað, sem hann var síðast“.³⁴

Fornbýlin sem skoðaðar voru sumarið 2015 voru tóftir upp af Helguvík, túngarður og tóftir um 200m norðaustur af Helguvík og býli á merkjum Bakka og Laugalands. Tóftir á mörkum Bakka og Laugalands eru umfangsmiklar og mjög fornar og líklegastar til að leifar býlisins Minni-Bakka. Þó er ekki hægt að fullyrða það með vissu.

³¹ DI III, bls. 278.

³² Ný jarðabók 1861, bls. 104.

³³ JÁM IX, bls. 285-6.

³⁴ Örnefnaskrá Bakka, bls. 4-5.

6.2 ÓNEFNT BÝLI



Mynd 24. Yfirlitsteikning af mögulegum leifum býlisins Helgastaða/Helgustaða. Tóftir sem merktar eru 82 á myndinni eru leifar mannabústaðar sem hefur mögulega verið aflagður fyrir 1104. Ekki reyndist unnt að greina aldur annarra tófta. Teikning BZ.

Landið neðan vegarins er vel gróið hallalítið mýrlendi með grónum melhólum inn á milli. Vestan til, niður við sjóinn eru Bakkahólar þar er að finna minjar um fornt býli. Í jarðaskrá Hólastóls frá 1449 en afbýlið Helgastaðir talið með Bakkajörðinni.³⁵ Frekari heimildir eru ekki til um jörð þessa. Helguvík er vestur af býlinu en óvíst er hvort að það tengist nafni jarðarinnar. Túngarður liggur í boga upp frá bröttum sjávarbakka og liggur til suðurs og vesturs á um 234m kafla að læk sem rennur vestanvert í túninu. Garðurinn afmarkar hólótt túnstæði um 172 m langt frá norðvestri til suðausturs og nær um inn frá sjávarbakkanum. Augljóst er að túnstæðið hefur verið mun stærra en sjór hefur brotið mikið af Bakka landi. Margar tóftir liggja innan og umhverfis túngarðinn en hluti þeirra tilheyrir útræði frá Bakka.

Rannsókn 2015 (Tafla 12 aftast í skýrslu)

Ekki tókst að taka kjarna í túngarðinn þar sem að hann virtist einungis hafa verið grjóthlaðinn. Sama var með tóftir innan hans. Kjarnar sem teknir voru í aflangar tóft (no 82 á mynd) sunnan túngarðsins staðfesti að þar væri um mannabústað að ræða, líklega litla skálabyggingu. Byggingin var eldri en gjóskan frá 1104 þannig að þarna hefur verið mannabústaður á 11. öld.


³⁵ DI V, bls. 39.

6.3 ÓNEFNDUR MANNABÚSTAÐUR

Vestast í landi Bakka er Helguvík. Skerst hún inn í Reykjarhólinn og eru að henni háir og brattir bakkar í sjó fram. Austan við hana er Helgunes, þar sem voru sauðhús frá Bakka. Austan í Reykjarhólnum, upp af Helguvík eru fornar minjar sem ekki er getið í örnefnaskrá Bakka.

Rannsókn 2015

Við rannsóknir 2015 voru borkjarnar teknir í tóftir sem lágu í brekku upp og til austurs frá Helguvík. Kjarnarnir sýndu fram á að um mannabústað væri að ræða sem lá undir yngri tóftum. Þrískipta tóftin sem lá ofan á eldri minjum er líklega af litlu afbýli sem hefur verið í byggð einhvern tímann frá 1300-1766. Hinsvegar var komið niður á gólf byggingar sem gæti hafa verið eldri frá 12.-13. öld. Sú bygging lá undan þrískiptu byggingunni en gólf eldri byggingarinnar kom fram bæði undir yngri tóftunum og vestan þeirra.



Mynd 25. Tóftir norðanvert í Reykjarhóli, vestast í landi Bakka.

6.4 MINNI-BAKKI

Á landamerkjum jarðanna Bakka og Laugalandis eru umfangsmiklar tóftir og garðlag. Bæjartóft lá ofan á dálítilli upphækkun sem bendir til endurbygginga og nokkrar útihúsatóftir voru í nágrenninu. Tóftir þessa býlis voru mun fornlegri en tóftir á og við tún stærri Bakka. Garðurinn kann að vera framhald Flókagarðs sem virðist liggja að túni á Laugalandi og þaðan í sveig framhjá Minni-Bakka og að túni seinasta Bakkabæjarins. Á loftmynd er óljóst hvort garðurinn kann að vera hluti túngarðs fast austan tófta Minni-Bakka. Þetta þarf að skoða frekar sumarið 2016.

Rannsókn 2015 (Tafla 12 aftast í skýrslu)

Ekki tókst að taka marktæka kjarna í bæjarhúsastóftir og túngarðsvegg þar sem allsstaðar var komið niður á steina. Hinsvegar voru teknir kjarnar milli bæjartóftanna og túngarðsins. Þar var komið niður á fornan ruslahaug. Töluverð merki voru um mannvist á milli 1104 og 1300. Í tveimur kjörnum kom fram þunn svört gjóska undir 1104 gjóskunni, líklega gjóska frá því um 1000. Mannvist var á milli þeirra gjósku og 1104 en einnig voru örlítill merki um mannvist undir 1000 gjóskunni. Búseta á Minni Bakka er því staðfest allt frá 10. öld fram um þá 14 sem gæti stutt hugmyndir um að þar bærinn Bakki upphaflega staðið.

6.5 GRINDILL/STÓRIGRINDILL

Stórigrindill er eyðibýli á Grindilsströnd norður frá Hamarslandi, frá vatni til sjávar. Jörðin á nú land að Karlsstöðum og Minnagrindli að norðan, Miklavatni að austan, Hamri að sunnan og Barði að vestan. Siglufjarðarvegur liggur um landið. Jörðin fór í eyði 1932. Stóri- og Minnigrindill voru upphaflega ein jörð sem hét Grindill. Í Landnámu er greint frá Nafar-Helga sem nam land fyrir neðan Barð og upp til Tunguár í Stíflu og bjó á Grindli. Hann átti Gró ena (snar)skyggnu.³⁶

Jarðabókin 1709 hefur eftirfarandi að segja um „Griller“: „Þessari jörðu er sundur skipt í tvo bæi og standa báðir innan garða og er túni og engjum einasta skipt, en úthögum óskipt. Stærri bærinn kallast alemennilega „Stóre Griller“.³⁷ Stóri- og Minnigrindill voru að fornu ein jörð, metin 30 hundruð. Árið 1709 var Stórigrindill talinn 2/3 hlutar jarðarinnar eða 20 hundruð. Árið 1861 lækkaði það í 14,1 hundruð.³⁸

Grindilskrókur

Krókur, eða Grindilskrókur, er fornbýli innan garða, u.þ.b. hálfan kílómetra suður og upp frá bæjarhólnum á Stóragrindli. Í Jarðabók er getið um býlið Krók sem sagður er „forn eyðihjáleiga af Stærri Grillir, hefur ekki byggð verið í næstu 40 ár eða lengur. Enginn veit að undirrjetta hvað há hjer var lanskuld eður kúgilda-fjöldi, og ekki hvað fóðrast hefur, meina þó mjög lítið verið hafa alt þetta. Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar og skaða heima-jörðunni.“³⁹



Mynd 26. Yfirlitstekning af minjum á og við Grindilskrók.

Fornbýlið Grindilskrókur er afgirt túngarði austan í hólum við brekkurætur sunnarlega í

Grindils landi. Túnið innan garðs er nokkuð hólótt 160m að lengd frá norðvestri til suðausturs og 105m frá suðvestri til norðausturs. Bæjartóftirnar standa hóli vestanvert innan túngarðs. Greinilegt var að efstu tóftirnar lágu ofan á eldri bæjarleifum. Forn vallgargarður, svokallaður Blákápugarður liggur upp að túngarðinum vestanverðum og einnig austanverðum. Garðurinn

³⁶ Íslensk fornrit I. Landnámabók, bls. 243.

³⁷ JÁM IX, bls. 308.

³⁸ Ný jarðabók 1861, bls. 104.

³⁹ JÁM IX, bls. 309.

greinist svo í nokkrar átti austan Grindilskróks og má rekja hann að tünnum nokkurra bæja. Garðurinn hefur líklega nýst sem upphlaðinn vegur milli bæja.



Mynd 27. Horft til suðurs eftir endilangri skálatófti austan túns á Grindilskróki.

Rétt um 15m norðaustur af austur túngarðsvegg var aflöng tóft um 17m löng og 4m breið og skipt í þrennt, einna líkust skálatóft. Sú tóft var mun vallgrónari en tóftir og túngarður Grindilskróks og virtist eldri. Tóft sem virtist geta hafa verið samtíða henni lá 100m beint norður af túninu á Grindilskróki.

Rannsókn 2015 (Tafla 13 aftast í skýrslu)

Túngarður og tóftir innan hans

Borkjarnar sem teknir voru í bæði túngarð og tóftir á Grindilskróki bentu til að þar hefði byggð hafist eftir 1104. Rofsnið í túngarðinum var hreinsað og virtist hann hlaðinn úr torfi fyrir 1300 en endurhlaðinn eftir 1300.

Tóft utan túngarðs

Teknir voru kjarnar í og við mögulega skálatóft utan túngarðs. Kjarnarnir staðfestu að um mannbústað væri að ræða og reyndist hann frá því fyrir 1104. Óvíst er hvort skálinn hefur tilheyrð elsta byggingaskeiði á Grindilskróki en hann var eldri en túngarðurinn.

6.6 EFRA-HAGANES

Vatnsleysa

Í örnefnaskrá Haganess stendur: „Rétt fyrir sunnan Sandinn gengur hlaðinn garður fram í Miklavatn. Hann er kallaður Vatnsleysugarður. Hann liggur frá austri til vesturs og varnotaður sem vallargarður, að norðan, ábýlinu Vatnsleysu“.⁴⁰ Aðrar heimildir er ekki að finna um býlið. Það liggur sunnan í ásnum vestan Miklavatns. Mikið og fornt garðlag liggur frá Miklavanti um 850m yfir ásin til vesturs að túngarði í Haganesi. Áfast sunnan undir garðinum er bogadregið




Mynd 28. Yfirlitsmynd af fornþýlinu Vatnsleysu í landi Haganess. Á hægri hönd er Miklavatn, horft í norðvestur.

garðlag sem umlykur tún á býli sem í örnefnaskrá er nefnt Vatnsleysa. Túnið er 195m lang frá vestri til austurs og 122m frá norðri til suðurs þar sem það er breiðast. Tveir fornlegir garðar virðast skipta túninu í þrennt. Bæjarstæðið hefur verið í vestasta afholfinu. Það er horfið í þúfur með nokkrum óglöggum veggja brotum. Ofan á bæjar tóftunum er yngri útihús sem ekki hefur tengst búskap á býlinu. Tvískipt yngri tóft, mögulega stekkur frá Haganesi, lá upp við vestanverðan túngarðinn og nýtir garðinn sem eina langhlið.

Rannsókn 2015 (Tafla 14 aftast í skýrslu)

Teknir voru kjarnar milli þúfna þar sem að óljósir veggir voru í ætluðu bæjarstæði á Vatnsleysu. Í ljós komu mannvistarleifar, kol, móaska og brennd bein undir *in situ* H1104. Þarna hefur því verið býli þegar á 11. öld en ekki var hægt að fullyrða um hvenær það hefur aflagst.



Mynd 23. Yfirlitstekning af fornþýlinu Vatnsleysu.

⁴⁰ Örnefnaskrá Haganess, bls. 3.

7 FLÓKADALUR



Mynd 29. Horft til norðurs út Flókadal. Ef glögg er að gáð má sjá Flókagarð þar sem hann liggur þvert á hlíðina ofan byggðar í vestanverðum dalnum, til vinstri á mynd.

7.1 SJÖUNDASTAÐIR

Sjöundastaðir eiga land að Syðstamói að norðan, Fljótaá, og að litlum hluta Flókadalsvatni, að austan móts við Stóru- og Minnirreyki, Steinhóli að sunnan og Heiði á fjöllum uppi að vestan. Flókadalsvegur vestari liggur um landið.⁴¹

Rannsókn 2015

Ekki var ætlunin að gera fornleifarannsókn á Sjöundastöðum sumarið 2015. Hinsvegar var skoðað í skurð sem tekinn hafði verið upp við húsvegg vegna lagnaframkvæmda. Í skurðinum komu í ljós þykk mannvistarlög frá því fyrir 1104. Sjöundastaðir hafa því verið í byggð þegar á 11. öld.

7.2 NES/NESKOT

Nes er eyðijörð í Flókadal sem á land að Neskoti að sunnan, háfjöllum að vestan móts við Hrolleifsdalsfrétt og Skálá, Sigríðarstöðum að norðan og Flókadalsá að austan móts við Austarihlól og Helgustaði.⁴² Nes var að fornu metið til 30 hundraða með hjáleigunni Neskoti, en heimajörðin sjálf 20 hundruð. Árið 1861 var matið lækkað niður í 22,1 hundrað og var þá Nes talið þar af 14,1 hundrað.⁴³

⁴¹ Handrit að Byggðasögu 2016.

⁴² Handrit að Byggðasögu 2016.

⁴³ Ný jarðabók 1861, bls. 103.



Mynd 30. Aflöng tóft líklega af fornum skála liggur við götuna niður frá túninu á Neskoti. Skálinn er fyrir miðri mynd, horft til norðausturs.

Sem hjáleiga Ness fylgdi eignarhald Neskots jafnan Nesi og liggur ekki ljóst fyrir hvenær Neskot losnaði úr eignatengslum við heimajörðina. Þó virðist sem það hafi orðið ekki síðar en um miðbik 19. aldar. Neskot er nú eyðijörð með landamerki að Illugastöðum að sunnan, Hrollaugsdalsafrétt að vestan, Nesi að norðan og Flókadalsá að austan móts við Helgustaði. Samgöngur eru um Flókadalsveg vestari af Siglufjarðarvegi. Fór í eyði árið 2000.⁴⁴

Í Árlöndum (nú í Neskotslandi), eru minjar tveggja þekktra fornþæja. Þeirra er lauslega getið í Jarðabókinni 1709 á eftirfarandi hátt: „Girðingar sjást hér í landinu, sem líklegt sýnist að einhvörntíma hafi byggð verið, af tóftarústum og girðingleifum. En ekki sýnist mönnum hér aftur byggjandi fyrir vatnsleysi“.⁴⁵

Ónefnt - skáli

Við rannsóknir sumarið 2015 fannst aflöng, tvískipt tóft í landi Neskots við bugðu á veginum niður brekkuna frá núverandi íbúðarhúsi í Neskoti. Engar heimildir eru um þessa byggingu en hún virtist einna helst líkjast skála. Óvíst er hvort að þessi bygging er ein „tóftarústanna“ sem getið er í jarðabók

⁴⁴ Handrit að Byggðasögu 2016.

⁴⁵ JÁM IX, bls. 296.


Rannsókn 2015 (Tafla 10 aftast í skýrslu)

Teknir voru borkjarnar í tóftina. Í henni komu fram augljós merki um torfveggi með og án H1104 gjóskunnar og í einum kjarna var mannvist undir 1104 gjóskunni. Staðfest var að um mannabústað væri að ræða því að móaska og kol fundust í kjarna. Víst er að þessi bygging hefur verið aflögð snemma, e.t.v. á 12-14. öld, en þó var ekki hægt að fullyrða um efri aldursmörk.

Blikárkot

Í örnefnaskrá Neskots (bls. 3) segir „Í Árlöndum á milli Blikár og Illugastaðaár eru gamlar tóftir á tveim stöðum, sem sagt er, að hafi verið býli; Blikárkot stóð rétt framan við Blikána en hitt stóð rétt utan Illugastaðaár, ofar í Árlöndum, hét Sólheimar“.


Vegurinn inn Flókadal liggur í gegn um tún Blikárkots. Sumarbústaður er afgirtur um 80m norðan bæjartóftanna. Túngarður liggur frá Bliká í norðri og til suðurs á um 140m löngum kafla og beygir þar til austurs að Flókadalsá og er nánast horfinn nema á 35m löngum kafla rétt vestan árinna. Bæjartóftirnar eru fast austan vegar 63m suður af sumarbústaðnum. Bæjartóftirnar eru aflangar og liggja norður-suður. Veggir eru óglöggir og hrundir en líklega er um að ræða samföst bæjarhús og útihús. Húsallengjan var alls 24m að lengd. Einungis voru tvær aðrar tóftir greinanlegar innan túns, tvískipt tóft og tóftaleg upphækkun. Sunnan og utan túns voru þrjár tóftir á melkollum sem líklega tilheyrta mótekju sem augljós er í flóanum sunnan og vestan túnsis.



Mynd 31. Yfirlitstekning sem sýnir afstöðu minja á Blikárkoti.

Rannsókn 2015

Minjarnar voru mældar upp en allsstaðar var komið niður á stein þar sem taka átti kjarna nema í túni utan tófta þar sem engin gjóskulög voru greinanleg. Bærinn er því líklega eldri en 18. Öld (Jarðabók) en útlit minja bendir til að þær geti verið yngri en 1300 en það verður þó ekki fullýrt.



Mynd 32. Yfirlitstekning af tóftum fornþýlisins Sólheima. Eldri minjarnar eru dekkri að lit.

Sólheimar

Í ornefnaskrá Neskots (bls. 3) segir „ Í Árlöndum á milli Blikár og Illugastaðaár eru gamlar tóftir á tveim stöðum, sem sagt er, að hafi verið býli; Blikárkot stóð rétt framan við Blikána en hitt stóð rétt utan Illugastaðaár, ofar í Árlöndum, hét Sólheimar“.

Tún og bæjartóftir á Sólheimum liggja rétt um 15-20m norður af Illugastaðaá og 100 vestur og upp af veginum inn Flókadal. Greina má garðlög um tún á fjóra vegu og er Flókagarður nýttur sem túngarður og afmarkar túnið vestanvert. Túnstæðið er um 160m langt frá vestri til austurs og 140m frá norðri til suðurs, um 2,1 hektari. Bæjartóftirnar eru í suðvestur horni túnsins og er nokkuð grænt umhverfis þær en innan túns er annars þýfður mói. Yngri tóftir liggja ofan á eldri og óleggri tóftum. Yngri tóftirnar liggja norður-suður og eru þrískiptar. Engin mannvist fannst í þessum tóftum og er líklega um tóftir útihúsa að ræða. Tóft sem lá beint austur af þessum tóftum virtist samtíða. Undir þessum tóftum lá svo að hluta bæjarstæði Sólheima. Þeim tilheyrandi var svo tóft norðan til í túninu.


Rannsókn 2015 (Tafla 10 aftast í skýrslu)

Kjarnar sem teknir voru í Flókagarð gáfu ekki afgerandi aldur. Kjarnar í tóftirnar sýndu hinsvegar fram á að býlið hefur verið í byggð fyrir 1104 en túngarður og tóftaveggir bentu til að líka var búið á Sólheimum eftir 1104. Hinsvegar virðist byggð aflögð fyrir 1300 en útihús byggð á tóftunum eftir þann tíma.

7.3 ILLUGASTAÐIR



Mynd 33. Horft með augum dróna fram Flókadal yfir Illugastaði. Tún bæjarins er hægra megin á mynd. Flókagarður er hægra megin og niður frá honum liggur landamerkjagarður að Flókadalsá. Garðurinn liggur þó einnig upp í hlíðina ofan Flókagarðs. Að neðan er yfirlitsteikning af tóftum efst í og við tún á Illugastöðum.



Illugastaðir eru eyðijörð í Flókadal og voru fremsta byggða ból á seinni öldum vestan megin í Flókadal, ef frá er talinn Reitur eða Illugastaðakot, sem var hjáleiga Illugastaða og í ábúð á seinni hluta 19. aldar. Jörðin átti land að Sjöundastaðasellandi um Nyrðrá að sunnan, háfjalli að vestan, Neskoti að norðan og Flókadalsá að austan móts við Helgustaði, Steinavelli og Krakavelli. Jeppaslóð liggur fram að Illugastöðum af Flókadalsvegi vestari. Bærinn á Illugastöðum stóð á hólum efst í túninu, hefðbundinn torfbær fram til 1934, þegar timburhús var reist. Það var einskonar langhús, sem sneri austur og vestur, ein hæð og óinnréttað ris til geymslu. Byggð á Illugastöðum lagðist af árið 1956.⁴⁶

Jarðarinnar er fyrst getið í fornbréfasafni í desember 1416 en Jón Arason Hólabiskup fékk síðan Illugastaði í jarðaskiptum fyrir Grindil í Fljótum 4. febrúar 1542. Var

⁴⁶ Drög að handriti Byggðasögu, 2016..

jörðin eftir það í eigu stólsins til 1802.⁴⁷ Illugastaðir voru að fornu metnir á 20 hundruð. Árið 1861 var jörðin metin á 21,3 hundruð með Illugastaðakoti.⁴⁸

Flókagarður myndir vestur túnvegg efst í túni á Illugastöðum. Fjölmargar tóftir eru bæði innan og utan túns og ekki voru allar tóftir mældar upp. Efst í norðvesturhorni túnsins eru nokkrar tóftir sem virtust geta tilheyr eldri skeiðum bæjarins. Kjarnar voru teknir umhverfis þessar tóftir sem staðfesti að þar hefur bæjarstæðið verið fyrir 1104.

Rannsókn 2015 (Tafla 11 aftast í skýrslu)

Kjarnar sem teknir voru í tófti bæði innan og norðan túns sýndu fram á byggð allt fyrir 1104, milli 1104 og 1300 og eftir 1300.


Þrælshólar

Suður og niður frá Illugastöðum er hólabyrping við ána og heita þar Þrælshólar. Syðst í hólunum, eða sunnan við þá, eru tóftir beitarhúsa. Í Þrælshólum má á nokkrum stöðum finna fornar mannvirkja-leifar, forn garðlög og ævafornar tóftaleifar í laut utarlega í hólunum.⁴⁹

Rannsókn 2015 (Tafla 11 aftast í skýrslu)

Tekinn var kjarni í garðlagið í Þrælshólum. Kjarninn sýndi að garðurinn hefur a.m.k. verið gildaður upp eftir gjóskufallið 1104. Engin gjóska var yfir garðinum.

Flókagarður er heitið á virkjamiklum garði sem liggur frá Illugastöðum, fremsta bæ í Flókadal, út dalinn allt að bænum Bakka um 11 kílómetra leið. Garðurinn kann að hafa gegnt nokkrum hlutverkum. Hann liggur víða nokkuð langt ofan bæja og virðist hafa verið til að verja tún og engi jarðanna. Á nokkrum jörðum gegndi hann jafnframt hlutverki túngarðs að ofan en auk þess liggur hann á köflum milli afgirtra túna einstakra bæja og hefur þar nýst sem göngugarður. Flókagarður er mjög greinilegur í Illugastaðalandi og út yfir Árlöndin. Eftir það verður hann ógleggrí og slitróttari þar sem hann hefur víða sokkið í mýrlendi. Slitur hans má þó auðveldlega rekja eftir loftmyndum allt inn fyrir tún á Bakka. Enn á eftir að ákvarða aldur garðsins.



Mynd 34. Garðlög og tóftir í Þrælshólum.


⁴⁷ DI IV, bls. 249-250, DI X, bls. 701-702)

⁴⁸ Ný jarðabók 1861, bls. 103.

⁴⁹ Drög að handriti Byggðasögu, 2016.

8 SEL Í FLÓKADALSAFRÉTT

Um landnám í Flókadal segir Landnáma: Flóki son Vilgerðar Hörða-Káradóttur fór til Íslands ok nam Flókadal milli Flókadalsár ok Reykjarhóls, hann bjó á Mói. [...] Nafar-Helgi nam land fyrir austan upp frá Haganesi til Flókadalsár fyrir neðan Barð ok upp til Tunguár ok bjó á Grindli.⁵⁰ Landnám þeirra Flóka og Nafar-Helga liggja saman við Flókadalsá og ná yfir öll Fljótin vestan Fljótaár. Ekki verður annað séð en allt það land sem nú tilheyrir Flókadalsafreft liggja innan þessara landnáma. Nokkrar jarðir í Fljótahreppi eiga selstöðu í Flókadal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Verða þær nú taldar upp og byrjað yst (nyrst) að austan og haldið inn dalinn og síðan út að vestan. Engir kjarnar voru teknir á seljum en minjar þar voru mældar upp.⁵¹



Mynd 35. Tóftir á Krakavallaseli.

Krakavallaseli. Selið er syðst í Krakavallahólum 1,7 km framan við bæjarstæðið á Krakavöllum. Sunnan við selið og nær ánni er engi sem kallað var Krakavallanes. Í Jarðabókinni 1709 segir að landsdrottin, sem þá var Krákur Sveinsson bóndi á Ysta-Mói, noti selstöðu á jörðinni á sumrum en jörðin sjálf hafði þá verið í eyði í 3 ár.⁵² Krakavallaseli virðist ekki hafa fylgt sérstakt selland, annað en fremsti hluti jarðarinnar sjálfrar. Önnur sellönd í dalnum eru aðskilin þeim jörðum sem þau áttu, ef undan ef skilið sel í Illugastaðalandi, um 1,8 km framan við bæjarstæði Illugastaða.


Reykjasel. Um selstöðu Reykja árið 1709 hermir jarðabókin eftirfarandi undir eyðibýlinu Teigar: Selstöðu á jörðin í Flókadalsafreft, þar sem heitir Reykjareitur, hefur áður brúkast, nú ekki í nokkur ár.⁵³

⁵⁰ Íslensk fornrit I. Landnáma. bls. 151.

⁵¹ Fyrir utan heimildir sem vitnað er til er textinn um Flókadalsafreft tekinn úr handriti að Byggðasögunni.

⁵² JÁM IX, bls. 297.


⁵³ JÁM IX, bls. 301.




Mynd 36. Tóftir á Barðsseli.

Barðssel. Jarðabókin segir eftirfarandi um selstöðu Barðs árið 1709: „Selför hefur staðurinn brúkað frí í Flókadalsafrjett í Barðshlíð átölulaust“⁵⁴ Barðshlíð er í Flókadal austanverðum, innan við land Krakavalla, frá Reykjanjúk fram til Kverkhóla. Neðan undir Barðshlíð fremst heita Hörðuvellir, norðan þeirra eru tóftir Barðsels. Þrennar seltóftir eru á þessum slóðum og hafa vafalítið allar tilheyrt Barði. Um 11 km eru frá Barði fram á selin, og er það óvanalega langur selvegur.

Sigríðarstaðasel. Selland Sigríðarstaða er austurhlíð Sigríðarstaðadals og var þar haft í seli þegar jarðabókin var rituð árið 1709 og óljóst hvenær selför lagðist þar af.⁵⁵ Í örnefnaskrá Flókadalsafréttar segir að tóftir séu í eyrunum fram af mynni Sigríðarstaðadals, hugsanlega af Sigríðastaðaseli.⁵⁶ Tvennar seltóftir eru á árskríðunni framan við Sigríðastaðadalsá.



Mynd 37. Tóftir Reykjasesels.




Mynd 38. Sigríðarstaðasel.

⁵⁴ JÁM IX, bls. 303.


⁵⁵ JÁM IX, bls. 284.

⁵⁶ Örnefnaskrá Flókadalsafréttar, bls. 2.



Mynd 39. Tóftir Sjöundastaðasels.

jörðin með tilliggjandi landi allan Nyrðriárdal vestan fram, og hefur hún haft og haldið þetta land átölulaust um langan aldur“. ⁶⁰ Móssel var þar sem síðar byggðist bærinn Reitur, sem fór í eyði árið 1900. Selið var jafnan nefnt Móssel en lagðist það nafn af með tilkomu Reits. ⁶¹ Mósel er í landi




Mynd 41. Óþekkt sel framan Krakavalla.

Sjöundastaðasel. Í Jarðabókinni 1709 segir: „Selstöðu á jörðin með tilliggjandi löndum fram frá Flókadal, sem er hálfur Nyrðriárdalur austan fram og hálfur Sigríðarstaðadalur vestan fram. Þessa selstöðu hefur jörðin áður brúkað langvarandi átölulaust, nú ekki um nokkur ár fyrir efnaleysi ábúanda“. ⁵⁷ Tóftir Sjöundastaðasels eru í tungunni innan við Nyrðriá, á móts við Flókadalsrétt sem stendur austur við Flókadalsá. ⁵⁸ Seltóftirnar eru tvennar, báðar á bökkum Nyrðriárinnar, djúpar og glöggar í vel grónu graslendi. Skammt innan við selin eru miklar mógrafir, sem ná yfir stórt svæði í mýrlendi um 100 m innan við seltóftirnar.

Mósel. Þann 24. ágúst árið 1540 seldi Jón biskup Arason jörðina Ysta-Mó og var þar sérlega til tekið að jörðinni fylgdi selför í landi Illugastaða í Flókadal. ⁵⁹ Um selstöðu Ysta-Mós árið 1709 segir:

„Selstöðu á



Mynd 40. Illugastaðasel.

Illugastaða, um 2 km framan við bærarstæðið, nærri beint á mótí kotbýlinu Hólkoti, handan árinna.

Illugastaðasel. Skammt heiman við Mósel eru seltóftir, á stalli nokkuð hátt upp í hlíðinni, er það

frekar óvanaleg staðsetning, því venjulega eru sel við þær fjárgötur sem liggja um viðkomandi sellönd. Engar heimildir geta um þetta sel, en líklegast verður að telja að það hafi verið frá Illugastöðum.

⁵⁷ JÁM IX, bls. 292.


⁵⁸ Örnefnaskrár Flókadalsafrettar, bls. 3.

⁵⁹ DI X, bls. 551.

⁶⁰ JÁM IX, bls. 289.

⁶¹ HSk. 247, 4to.

9 SEL Í BRUNNÁRDAL OFAN BARÐS Í FLJÓTUM



Mynd 42. Tóftir Barðssels á Brunnárdal.

Barðssel á Brunnárdal Tóftir selkofa eru í landi Barðs á Brunnárdal austanverðum, rúmlega 1,8 km frá bænum á Barði. Heimarlega á dalnum er Skálalækur sem kemur úr Skálum, fremst í Leirdalakambi. Fyrir framan Skálalæk eru Sellækir og við þá eru tóftir Barðssels. Framan við selið eru Selgrænur.

Alls eru þrennar seltóftir á tveimur stöðum, en þær heimustu eru gleggstar, fast neðan við aðalgötturnar. Þær eru hlið við hlið með hlíðinni, 2x2 m, 2x2,5 og 2x2 m. Niður undan miðju selinu eru kviarnar, 2x5 m að innan máli og snúa upp og niður hlíðina. Nokkrir tugir metra eru frá selinu fram í sellækinn, sem er frekar óvanalegt, því yfirleitt eru selin fast við lækina.

Um 140 m framar í hlíðinni eru tvennar seltóftir fram á höfða sem gengur niður að ánni. Fast niður með höfðanum rennur sellækurinn. Þessar tóftir eru mun stærri um sig og ógleggri, sennilega mikið eldri en þær heimari. Mjög grasgefið er á þessum höfða og því ekki auðvelt að lýsa tóftunum en kvíar og stakir kofar eru nær árbakkanum.



Mynd 43. Fornar seltóftir á höfða innan Barðssels.

10 ANNAÐ

Tóftir í landi Helgustaða í Fljótum (Tafla 2 aftast í skýrslu)

Skoðaðar voru fornlegar tóftir sunnarlega í landi Helgustaða í Fljótum til að athuga hvort um mannabústað væri að ræða. Í Örnefnaskrá Helgustaða segir: Sunnan í þeim [Lághólum] er steinn líkastur húsi með risi, sem heitir Álfakirkja, líka af sumum kallaður Kirkjusteinn. Sér greinilega móta fyrir garði í kringum hann, einkum að norðanverðu⁶². Stór steinn, Kirkja eða Álfakirkjan eða kirkjusteinninn er yst í Lághólum. Kringum hann virðist vera garðhleðsla, líklega náttúrusmíð. U.þ.b. 70-80 norðaustur frá steininum er lágt hólvarp í mýrinni. Þar er um 20 m langt óskilgreint tóftasvæði. Syðri hlutinn er mjög forn en í norðurhlutanum er miklu yngri tóft

⁶² Örnefnaskrá Helgustaða, bls. 2.

sem virðist vera stekkur.⁶³ Engin mannvist fannst en torf í tóftaveggjum bentu til að þær hefðu verið reistar eftir 1300. Mögulega er um að ræða tóftir tengdar mótekju.

11 SAMANTEKT

Sumarið og haustið 2015 fóru fornleifarannsóknir fram á 26 stöðum í tengslum við verkefnið Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar. Auk þess var fjöldi annarra minja mældur upp, þó svo að frekari rannsóknir hafi ekki farið þar fram. Um var að ræða jarðir í Hrolleifsdal, Sléttuhlíð og Fljótum sem eru umfjöllunarefni XIII bindis Byggðasögunnar. Fyrir utan könnunarskurði í túngarð á Geirmundarhóli í Hrolleifsdal, voru allir staðirnir kannaðir með borkjarnatöku. Þar sem að rannsóknin lagar sig að því hvað kann að finnast á vettvangi getur fjöldi staða breyst

Tafla 1. Listi yfir staði sem rannsakaðir voru 2015.

Staður	Jörð í upphafi	Landsvæði	Tegund rannsóknar	Aldur
Þverá Hrolleifsdal	Þverá	Hrolleifsdalur	Kjarnabor	Fyrir 1104
Geirmundarhólar	Geirmundarhólar	Hrolleifsdalur	Kjarnabor/skurður	Fyrir 1104
Róðhóll	Róðhóll	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1104
Tjarnarkot	Tjarnir	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1104
Tjarnargerði	Tjarnir	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Óvíst
Skáláarkot	Skálá	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1104
Skógargerði	Arnarstaðir	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1104
Melkot	Fell	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Eftir 1300
Hólkot	Fell	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Eftir 1300
Kappastaðir	Fell	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1000
Fjall	Fell	Sléttuhlíð	Kjarnabor	Fyrir 1104
Ónefnt	Bakki	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1300
Túngarður/Helgustaðir (?)	Bakki	Fljót	Kjarnabor	Eftir 1104
Ópekkt /Helgustaðir (?)	Bakki	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1104
Litli-Bakki	Bakki	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1000
Ónefnt/skáli	Neskot	Flókadalur	Kjarnabor	Fyrir 1104
Sólheimar	Neskot	Flókadalur	Kjarnabor	Fyrir 1104
Blikáarkot	Neskot	Flókadalur	Kjarnabor	Eftir 1104
Óefnt	Helgustaðir	Flókadalur	Kjarnabor	Eftir 1300
Illugastaðir	Illugastaðir	Flókadalur	Kjarnabor	Fyrir 1104
Þrælshólar	Illugastaðir	Flókadalur	Kjarnabor	Eftir 1104
Landamerkjagarður	Illugastaðir	Flókadalur	Kjarnabor	Eftir 1104
Vatnsleysa	Haganes	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1104
Grindilskrókur	Grindill	Fljót	Kjarnabor	Eftir 1104
Skáli við Grindilskrók	Grindill	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1104
Sjöundastaðir	Sjöundastaðir	Fljót	Kjarnabor	Fyrir 1104

sem og forgangsöröðun og staðir því dottið út og aðrir bæst við. Rannsókninni er ætlað að einbeita sér að stöðum sem koma til með að fylla í byggðasögu/þróun. Líkt og undandfarin ár

⁶³ Drög að handriti að Byggðasögu, 2016

hafa rannsóknirnar bætt nokkru við þekkingu á elstu byggðasögu Skagafjarðar. Fjöldi staða sem skoðaðir voru urðu til þess að ekki vannst tími til að leita að fornum kirkjugörðum eins og ætlunin var.

Staðirnir 26 voru af ýmsum toga. Eyðibýlin Þverá, Geirmundarhólar, Róðhóll, Kappastaðir, Fjall, Litli-Bakki, Illugastaðir og Sjöundastaðir voru öll að stofni til eldri en 1104 gjóskan og jarðirnar Kappastaðir og Minni-Bakki eru líklega í byggð fyrir 1000. Fornbýlin Tjarnarkot, Skálárkot, Skógargerði, mannabústaður í landi Bakka, ónefndur mannabústaður í landi Neskots, Sólheimar, Vatnsleysa og mannabústaður utan túngarðs á Grindilskróki reyndust öll eldri en 1104. Aðrar minjar á Grindilskróki auk ónefnds mannabústaðar í landi Bakka voru frá því eftir 1104 en efri aldursmörk ekki ljós. Smábýlin Melkot og Hólkot í Fells landi hafa verið í byggð á síðari öldum en þó bæði komin í eyði fyrir gjóskufallið 1766. Í landi Neskots í Flókadal fannst skálatóft sem engar heimildir eru til um og reyndist hún eldri en 1104 en einnig endurbyggð eftir þann tíma. Í Neskotslandi var einnig skoðað býlið Blikáarkot en ekki var hægt að ákvarða aldur þar. Útlit minjanna bendir til að þær séu ekki frá fyrstu öldum byggðar en samkvæmt jarðabók var býlið þó komið í eyði nokkru fyrir upphaf 18. aldar. Ummerki um byggingu, yngri en H1300, fundust á mögulegu Tjarnargerði í landi Tjarnar en engin mannvist fannst í kjarna sem staðfest gæti tilvist býlisins. Á Tjarnarkoti hinsvegar var túngarður reistur fyrir 1104 en tóftir innan garðs voru miklu yngri og tilheyra líklega býlinu sem getið er um í jarðabók. Kjarnar voru teknir í garð sem liggur um svokallaða Þrælshóla í Illugastaðalandi, Flókadal. Garðurinn hefur verið hlaðinn eftir 1104 en tilgangur hans, sem og tófta í nágrenni hans er óljós. Gerðar voru tilraunir til að aldursgreina Flókagarð og önnur forn garðlög á svæðinu en ekki reyndist auðvelt að aldursgreina þau með kjarnabor.

Frekari rannsóknir

Ljóst er að í Fljótum er óvenju mikið af heillegum búsetuminjum, sem orsakast af því hversu snemma margar jarðir hafa farið í eyði og stórvirkar vinnuvélar hafa því ekki verið notaðar til að slétta úr túnnum, nema að litlum hluta. Það er því fjöldi staða sem þar bíður rannsókna. Virkjamiklir fornir vörslu og göngugarðar eru líka einkennandi fyrir svæðið, má nefna garða sem bera nöfn eins og Flókagarður og Blákápugarður. Fjölmargir garðar eru greinanlegir á loftmyndum og við rannsóknir á vettvangi. Ætlunin er að mæla þessa garða upp og gera á þeim ítarlegri rannsóknir. Borkjarnar sem teknir hafa verið víða í garðana hafa ekki gefið afgerandi aldursgreiningu og það er því nauðsynlegt að taka könnunarskurði í til að áætla aldur þeirra betur.

12 LOKAORÐ

Með tiltölulega einföldum rannsóknum hefur miklu verið aukið við fyrirliggjandi þekkingu á skagafirskri fornbyggð. Búið er að fylla í sögu einstakra bæja og byggðahluta auk þess sem fjöldi áður óþekktra og nafnlausra byggðaleifa hefur verið kortlagður. Næsta bindi Byggðasögunnar kemur út 2018 og eru það Barðshreppur og Holtahreppur sem teknir verða fyrir. Undirbúningsvinna fyrir þá bók er þegar hafin og er reiknað með að vettvangsvinna hefjist vorið 2016 og standi fram á haustið 2017.

13 HEIMILDIR

Prentaðar heimildir

(DI III) *Diplomatarium Islandicum III*. (1896). Copenhagen: Hið Íslenska bókmenntafjelag.

(DI IV) *Diplomatarium Islandicum IV. Íslenskt fornbréfasafn*. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

(D V) *Diplomatarium Islandicum V*. (1902). Copenhagen, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafjelag.

(DI X) *Diplomatarium Islandicum X. Íslenskt fornbréfasafn*. (1911-1921). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslensk fornrit I. Landnáma og Íslendingabók. (1968). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

(JÁM) Magnússon, Á., & Vídalín, P. (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Bakka, Kristján Eiríksson skráði eftir Jónmundi Guðmundssyni. Reykjavík. Örnefnastofnun

Örnefnaskrá Fells. Margeir Jónsson skráði Reykjavík. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Flókadalsafréttar. Skráð eftir Rafni Sigurjónssyni og Páli Gunnlaugssyni. Reykjavík. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Haganess. Kristján Eiríksson skráði eftir Jóni Kort Ólafssyni. Reykjavík. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Helgustaða í Fljótum. Skráð af Jóni Guðmundssyni. Reykjavík. Örnefnastofnun.

Handrit – óprentað á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga

HSk. 247, 4to.

14 FYLGISKJÖL

1. Hnitalisti
2. Listi yfir kjarna
3. Listi yfir ljósmyndir
4. Listi yfir allar jarðir tengdar Eyðibýggðarannsókninni

Listi yfir Hnit

Eyðibýli, fornbýli og aðrar tóftir - hnitalisti

Svæði	Bær	Sérheiti	Tegund	Austun	Norðun	Skýrsla
Hrolleifsdalur	Geirmundarhóll	Geirmundarhóll	Eyðibýli	486,357.200	610,124.857	bls. 9
Hrolleifsdalur	Þverá	Þverá	Eyðibýli	487,277.999	609,168.864	bls. 6
Hrolleifsdalur	Klón	Klón	Eyðibýli	487,673.436	609,295.253	
Sléttuhlíð	Róðhóll	Róðhóll	Eyðibýli	483,131.998	611,965.610	bls. 13
Sléttuhlíð	Tjarnir	Tjarnarkot	Fornbýli	483,054.373	483,054.373	bls. 20
Sléttuhlíð	Tjarnir	Tjarnargerði	Fornbýli	482,299.515	482,299.515	bls. 20
Sléttuhlíð	Arnarstaðir	Skógargerði	Fornbýli	483,972.104	483,972.104	bls. 21
Sléttuhlíð	Skálá	Skáláarkot	Fornbýli	484,425.469	484,425.469	bls. 18
Sléttuhlíð	Skálá	Skálársel	Sel	485,755.773	613,582.971	bls. 17
Sléttuhlíð	Fell	Hólkot	Fornbýli	481,313.743	614,123.467	bls. 15
Sléttuhlíð	Fell	Melkot	Fornbýli	482,135.519	614,655.787	bls. 13
Sléttuhlíð	Fell	Kappastaðir	Eyðibýli	483,140.913	616,516.598	bls. 13
Sléttuhlíð	Fjall	Fjall	Eyðibýli	483,340.789	617,094.421	bls. 16
Sléttuhlíð	Fell	Garðlög og tóftir austan Hólkots	Óþekkt hlutverk	481,251.976	614,048.233	bls. 15
Fljót	Bakki	Mannabústaður norðan í Reykjarhóli	Óþekkt hlutverk	489,292.319	620,116.649	bls. 24
Fljót	Bakki	Minni-Bakki	Fornbýli	490,330.617	620,271.144	bls. 24
Fljót	Bakki	Óþekkt úti við sjó	Fornbýli	489,496.995	620,297.937	bls. 23
Flókadalur	Sjöundastaðir	Sjöundastaðir	Eyðibýli	492,693.400	614,880.232	bls. 28
Flókadalur	Neskot	Blikáarkot	Fornbýli	492,957.348	611,408.312	bls. 30
Flókadalur	Neskot	Sólheimar	Fornbýli	492,688.134	492,688.134	bls. 31
Flókadalur	Neskot	Skáli	Óþekkt	493,023.897	493,023.897	bls. 29
Flókadalur	Illugastaðir	Illugastaðir	Eyðibýli	492,729.093	492,729.093	bls. 32
Flókadalur	Illugastaðir	Þrælshólar	Óþekkt	493,276.693	610,233.604	bls. 33
Fljót	Grindill	Grindilskrókur	Fornbýli	496,904.504	616,772.197	bls. 25
Fljót	Haganes	Vatnsleysa	Fornbýli	495,622.436	619,662.101	bls. 27
Flókadalur	Helgustaðir	Heytóftir/mótóftir		493,223.249	611,350.579	bls. 37

Listi yfir Hnit

Sel í afréttarlöndum - hnitalisti

Svæði	Bær	Sérheiti	Tegund	Austun	Norðun	Skýrsla
Hrolleifsdalur	Óþekkt	Austasta tóft á mynd	Sel*	488,627.737	608,251.134	Mynd 10
Hrolleifsdalur	Óþekkt	Tóft efst á mynd	Sel	488,603.289	608,263.834	Mynd 10
Hrolleifsdalur	Óþekkt	Tóft í neðra horni hægra megin	Sel	488,558.998	608,224.306	Mynd 10
Hrolleifsdalur	Óþekkt		Sel	488,381.339	608,396.676	Mynd 11
Hrolleifsdalur	Þverársel		Sel	488,086.079	608,460.960	Mynd 12
Flókadalur	Krakavallasel	Yngri tóftir	Sel	494,267.740	607,650.095	Mynd 35
Flókadalur	Krakavallasel	Eldri tóftir neðst á mynd	Sel	494,232.604	607,622.155	Mynd 35
Flókadalur	Barðssel	Tóftir norðan lækjar	Sel	494,833.023	606,977.170	Mynd 36
Flókadalur	Barðssel	Tóftir sunnan lækjar	Sel	494,817.809	606,941.121	Mynd 36
Flókadalur	Barðssel	Tóftir syðst á mynd	Sel	494,902.807	606,815.443	Mynd 36
Flókadalur	Reykjasel	Eldri tóftir norðan lækjar	Sel	494,603.167	607,345.199	Mynd 37
Flókadalur	Reykjasel	Yngri tóftir sunnan lækjar	Sel	494,600.151	607,307.258	Mynd 37
Flókadalur	Sigríðarstaðasel	Tóftir norðan lækjar	Sel	494,229.883	607,161.571	Mynd 38
Flókadalur	Sigríðarstaðasel	Tóftir sunnan lækjar	Sel	494,274.333	607,082.037	Mynd 38
Flókadalur	Sjöundastaðasel	Eldri tóftir norðar á mynd	Sel	493,644.407	608,079.276	Mynd 39
Flókadalur	Sjöundastaðasel	Yngri tóftir sunnar á mynd	Sel	493,611.175	608,018.739	Mynd 39
Flókadalur	Illugastaðasel		Sel	493,122.953	608,561.889	Mynd 40
Flókadalur	Óþekkt	Sel framan Krakavalla	Sel	494,481.324	607,440.951	Mynd 41

*Hnitin eru á aðal seltóftum en ekki heildar listi yfir allar tóftir á seljunum.

Listi yfir borkjarna 2015

Tafla 2. Kjarnar sem teknir voru í ónefndar tóftir í landi Helgustaða í Flókadal.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Ónefnt	19.08.2015	493,223.249	611,350.579	Torf tekið í vegg byggingar. 0-10cm: grasrót. 10-40cm: lagskipt veggjatorf með H1104 og H1300. 40cm: steinn.
K2	Ónefnt	19.08.2015	493,222.561	611,357.458	Tekið í aflanga tóft. 0-12cm: grasrót og yfirborðsjarðvegur. 12-25cm: rótaður jarðvegur með H1104-H1300. 25cm: náttúrulegt.
Túlkun: Líklega tóft tengd mótekju. Engin mannvist. Eftir 1300.					

Tafla 3. Kjarnar sem teknir voru í tún á Róðhóli í Sléttuhlíð


Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Róðhóll	22.06.2015	483,131.998	611,965.610	Kjarni tekinn í tún vestan gamla bæjarhólsins. 0-8cm: grasrót. 8-15cm: einsleit mold með eilítilli kola- og móðskudreif. 15cm: H1300 <i>in situ</i> . 16-22cm: einsleit mold. 22cm: H1104 <i>in situ</i> . 23-26cm: rótaður jarðvegur. 26cm: H3 <i>in situ</i> .
K2	Róðhóll	22.06.2015	483,135.331	611,959.419	Kjarni tekinn í tún vestan gamla bæjarstæðisins. 0-8cm: grasrót. 8-13cm: fokmold. 13cm: H1300 <i>in situ</i> . 14-18cm: rótað. 18cm: H1104 <i>in situ</i> . 19-26cm: rótað með koladreif. 26cm: náttúrulegt.
Túlkun: Byggð fyrir 1104.					

Eyðibýli og afdalir rannsóknir 2015 - borkjarnar


Tafla 4. Listi yfir borkjarna sem teknir voru á Geirmundarhóli og Þverá í Hrolleifsdal. Sjá teikningar á næstu blaðsíðu.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,341.196	610,248.704	Á línu na-sv. 0-8cm: grasrót. 8-14cm: óhreyft. 14cm: H1300 <i>in situ</i> . 15-22cm: rótuð fokmold með koladreif. 22cm: H1104 <i>in situ</i> . 23-26cm: rótuð mold. 26-29cm: móaska með kolum. 29cm: náttúrulegt.
K2	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,342.083	610,246.931	Á línu na-sv. 0-8cm: grasrót. 8-20cm: einsleit og fokmold 20cm: H1104 <i>in situ</i> . 21—24cm: rótaður jarðvegur. 24-27cm: móöskulag með kolum og örlitlu af brenndum beinum. 27cm: náttúrulegt.
K3	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,344.370	610,245.671	Á línu na-sv. 10cm: grasrót. 10-30cm: fokmold. 30cm: H1300 <i>in situ</i> . 42cm: H1104 <i>in situ</i> . 42-44cm: móösku og kolablöndað lag. 42cm: náttúrulegt.
K4	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,345.350	610,245.951	Á línu na-sv. 0-9cm: grasrót. 9-34cm: mold með smá koladreif. 34cm: H1104 <i>in situ</i> . 35-37cm: rótað. 37cm: náttúrulegt.
K5	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,345.770	610,246.931	Á línu na-sv. 0-7cm: grasrót. 7-13cm: óhreyft. 13cm: H1300 <i>in situ</i> . 14-21cm: einsleit mold. 21cm H1104 <i>in situ</i> . 22-26cm: einsleit mold. 26-29cm: móaska í lögum. 29cm: náttúrulegt.
K6	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,344.276	610,243.478	Á línu nv-sa. Þunnt móöskulag á 10cm dýpi annars engin mannvist.
K7	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,345.256	610,241.611	Á línu nv-sa. Rótuð mold en annars lítil mannvist.
K8	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,341.896	610,243.571	Á línu nv-sa.. Engin mannvist í kjarna.
K9	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,340.590	610,242.918	Á línu nv-sa. Rótuð mold en annars engin mannvist í kjarna.
K10	Geirmundarhóll	22.06.2015	486,340.590	610,242.918	Í þýfðum móa vestan norðan bæjarhólsis. 0-8cm: grasrót. 8-15cm: óhreyft. 15cm: H1104 <i>in situ</i> . 16-33cm: fokdreif með brenndum beinum , rótað torf. 33-40cm: 8cm þykkt kolalag. 40cm: náttúrulegt.
Túlkun: Byggð fyrir 1104, ummerki um byggð milli 1104-1300.					
Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Þverá	07.07.2015	487,491.939	609,248.558	Kjarni tekinn í túngarð þar sem hann liggur til norðurs að Hrolleifsdalsá. 0-12cm yfirborð. 12-80cm: lagskipt torf . Efst greinilega með 1104 gjóskunni í lögum en torf án gjóskunnar neðst í kjarna.
K2	Þverá	07.07.2015	487,475.270	609,208.738	Kjarninn tekinn í miðju skálatóftar. 0-8cm: grasrót. 8-13cm: einsleit mold. 13cm: H1104 <i>in situ</i> . 13-23cm: einsleit mold. 23-25cm: lag af kolum. 25-38cm: moldarlög með kolum og lagskiptu rusli, móösku og brenndum beinum. 38cm: jökulmöl.
K3	Þverá	07.07.2015	487,474.608	609,207.680	Kjarni tekinn í gólf skálatóftar. 0-8cm: yfirborðsjarðvegur. 8cm: H1300 óljóst <i>in situ</i> . 8-13cm: einsleit mold. 13cm: H1104 <i>in situ</i> . 14-21cm: einsleit mold. 21-32cm: mold með kolum og móösku ekki eins lagskipt o gí kjarna 2. 32cm: steinn
K4	Þverá	07.07.2015	487,476.064	609,210.061	Kjarni tekinn í vegg skálatóftar. 0-13cm: yfirborðsjarðvegur. 13-35cm: lagskipt veggjatorf með H3. Engin gjóska yfir. 35cm: náttúrulegur jarðvegur.
Túlkun: Byggð fyrir 1104 á bæjartóftum norðaustan túnarðs. Engin merki um mannvist milli 1104 og 1300, né eftir 1300.					

Staðsetning kjarna á Þverá




Staðsetning kjarna á Geirmundarhóli



Eyðibýli og afdalir rannsóknir 2015 - borkjarnar

Tafla 5. Listi yfir kjarna sem teknir voru á fornþýlinu Skógargerði í landi Arnarstaða, Sléttuhlíð. Til hægri er mynd sem sýnir staðsetningu kjarna


Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
